

**4. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2016, haldinn 25. ágúst 2016 í Flúðaskóla kl. 13:30. 11. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Jón Bjarnason boðaði forföll og einnig varamaður hans Elsa Ingjaltdóttir, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs og Ásmundur Lárusson, Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Ytra mat Flúðaskóla**
- 3. Rekstur Flúðaskóla**
- 4. Fundartími skólanefndar**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

- ❖ Skólalald hefur farið vel af stað og við upphaf skólaárs eru 92 nemendur í skólanum og 30 starfsmenn í 22,75 stöðugildi við skólann skiptast sem hér segir:

<b>Starf</b>	<b>Stjórn un</b>	<b>Kenn sla</b>	<b>Húsvarsla</b>	<b>Stuðn.full tr.</b>	<b>Skóla sel</b>	<b>Ritari</b>	<b>Mötu neyti</b>	<b>Ræsting</b>
<b>Stöðugildi</b>	2,25	12,7	0,6	3	0,3	0,5	2,1	1,3

- ❖ Sameiginlegur náms- og starfsráðgjafi, Guðný María Sigurbjörnsdóttir, hefur verið ráðin í Flóaskóla, Þjórsárskóla, Bláskógaskóla Reykholti og Laugarvatni, Kerhólaskóla

og Flúðaskóla. Starfshlutfall á hverjum stað er miðað við fjölda nemenda. Flúðaskóli hefur afnot af náms- og starfsráðgjafa í ca 20% starfshlutfalli.

- ❖ Kennarar mættu til vinnu í skólanum mánudaginn 15. ágúst, vikuna á undan voru starfspróunardagar sem kennarar notuðu til að sækja margvísleg námskeið, flestir sóttu námskeið um fjölbreytta kennsluhætti sem haldið var á vegum Skólaþjónustunnar.
- ❖ Þriðjudaginn 16. ágúst fóru kennarar og stjórnendur á námskeið í Mentor þar sem farið var í gegnum hvernig við getum nýtt okkur betur þetta kerfi til að halda utan um kennsluáætlanir, námsmat og fleira.
- ❖ Nemendur í 10. bekk fóru til Danmerkur 22. ágúst og munu dvelja þar í 5 daga ásamt tveimur kennurum, einum stuðningsfulltrúa og tveimur foreldrum.
- ❖ Tveir nýjir starfsmenn hafa hafið störf, Guðbjörg Jóhannsdóttir í mótuneyti og Steinunn Margrét Larsen í íþróttakennslu og heimilisfræði. Ingibjörg Steindórsdóttir lét af störfum hjá okkur 1. ágúst.

## 2. Ytra mat Flúðaskóla

Kynnt var skýrsla sem unnin var á vegum Menntamálastofnunar og fjallaði um niðurstöður ytra mats á Flúðaskóla sem gert var sl. vetur. Skólanefnd fagnar þessari skýrslu og er næsta skref að starfsmenn skólans og sveitarstjórn setji fram áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til.

## 3. Rekstur Flúðaskóla

Skólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári.

#### **4. Fundartímar skólanefndar**

Ákveðið var að fundartímar skólanefndar í Flúðaskóla verði að jafnaði seinasta fimmtudag í mánuði kl 14:00

#### **5. Önnur mál**

Engin önnur mál tekin fyrir

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:25